

Ed.

470. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Vjer undirritaðir landbúnaðarnefndarmenn höfnum athugað framangreint frv. Vjer höfum og kynt oss brjef Landsbankastjórnarinnar til landbúnaðarnefndar neðri deildar, dags. 17. f. m. og 8. þ. m., og auk þess hefir einn okkar (formaður nefndarinnar) átt sjálfur viðtal við bankastjórnina um málið.

Er því ekki að leyna, að bankastjórnin er frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, algerlega mótfallin.

En þótt bankastjórnin sje mótfallin frumvarpi þessu og hafi bæði skriflega og munnlega bent á ýmsa annmarka við að samþykkja það, þá sjáum vjer þó engan annan líklegri útveg til þess að bæta lítið eitt úr hinni brýnu þörf landbúnaðarins fyrir þolanleg lán heldur en þann, sem felst í þessu frumvarpi, og leggjum því til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1924.

Eggert Pálsson,
form. og frsm.

Hjörtur Snorrason,
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson.